

Fundarsköp svæðisnefndar GA samtakanna

1. grein

Ritari svæðisnefndar stýrir fundi.

Í byrjun hvers fundar skal ritari lesa fundargerð síðasta svæðisnefndarfundar.

Ritari sér um að umræður fari reglulega fram og úrskurðar ef deilt er um skilning á samþykktum samtakanna eða fundarsköpum.

2. grein

Samtökin skulu halda fundarbók og skal ritari færa í hana það helsta sem fram fer á fundi.

Fundargerð síðasta fundar skal birta á vefsíðu GA-samtakanna innan viku frá því fundur var haldinn. Fundargerð síðasta fundar skal borinn upp í fundarbyrjun til samþykktar. Komi fram tillögur til breytinga eða viðauka sem ritari fellst á eða fundurinn staðfestir með atkvæðagreiðslu skal geta þeirra í næstu fundargerð á eftir. Óski fundarmaður sérstakrar bókunar skal taka það til greina.

3. grein

Sá sem óskar að taka til máls skal biðja ritara um leyfi. Veita skal orðið í þeirri röð sem beðið er um það. Skal hann halda sér við það mál sem til umræðu er. Þyki ritara umræður óhóflega langar, getur hann með samþykki fundarins takmarkað ræðutíma. Fundarmenn geta krafist þess að umræðum sé hætt og lætur þá fundarstjóri fundinn skera úr með atkvæðagreiðslu umræðulaust.

4. grein

Afl atkvæða með eða móti ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu og kosningar nema þar sem lög eða fundarsköp samtakanna ákveða annað.

5. grein

Kosning í nefndir eða aðrar trúnaðarstöður fara fram munnlega. Þeir einir teljast í kjöri sem stungið hefur verið upp á. Sé aðeins einn í kjöri, eða jafnmargir og kjósa á, eru þeir kosnir án atkvæðagreiðslu.

6. grein

Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, þegar kosið er til trúnaðarstarfs, skal kjósa aftur milli þeirra. Fáí þeir enn jöfn atkvæði ræður hlutkesti. Allar kosningar eru bindandi nema annað sé tekið fram í samþykktum samtakanna.

7. grein

Atkvæðagreiðsla skal fara fram með handauppréttingu eða leynilega. Þyki ritara atkvæðagreiðsla óglögg getur hann endurtekið atkvæðagreiðsluna og sett tvo menn til að telja atkvæði.

Atkvæðagreiðsla skal bókuð þannig að fram komi hversu margir greiddu atkvæði með tillögu, á móti tillögu, sátu hjá og hversu mörg atkvæði voru ógild.

8. grein

Það skal vera regla að leiða ekki mikilsvarðandi mál til lykta á fyrsta fundi sem þau koma fyrir, hafi þeirra ekki verið getið í fundarboði, nema úrskurður málsins þoli ekki bið að skaðlausu.

9. grein

Fundarsköpum þessum má breyta á hvaða lögmætum fundi sem er. Fundur sá sem samþykkir breytingu ákveður hvenær hún gengur í gildi. Þó geta breytingar ekki náð til þess fundar sem þær eru samþykktar á.